

Republik ehf
Bt. Gunnars Þórs Nilsen
Súðavogur 20
104 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2018
UST201809-161/I.M.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi á Reykjanesi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn frá Republik ehf. um leyfi til kvikmyndagerðar, dagsett 12. september 2018, um leyfi til kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi 16. september 2018.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Allt jarðrask innan fólkvangsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvermd nr. 60/2013.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatöku við veginn að Vigdísarvöllum dagana 14.-17. september en tökur fara fram 16. september. Settir verða upp danspallar í um 30m fjarlægð frá veginum. Einnig þarf að setja upp 4-5 svokölluð pop-up tjöld fyrir myndavél og leikstjóra en uppsetning þeirra er háð veðri. Tækjabúnaður er þrír vörubílar með tækjum, tvær rútur undir starfsfólk ásamt 5-7 öðrum bílum og einn bómulyftari. Verður bílunum lagt í vegkanti. Aka gæti þurft einum bíl frá veginum að tökustað og verða þá settar mottur á leiðina og ummerki rökuð í burtu. Um 55-60 manns koma að verkefninu. Myndir til skýringar staðsetningu og ástandi á svæðinu fylgir umsókninni. Mögulega gæti komið til takmarkana á umferð á meðan á tökum stendur.

Áhrifamat:

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar, ásamt fólkvangsverði fóru nýlega um svæðið sem umsækjandi hefur tilgreint sem tökusvæði. Þó vissulega séu þar nokkur för vegna utanvega aksturs má þar einnig finna gróður sem er smátt og smátt að festast. Umhverfisstofnun telur að verkefnið eins og því er lýst af umsækjanda sé ekki líklegt til að valda frekari skaða á svæðinu sé farið eftir neðgangreindum skilyrðum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir kvíkmyndatöku í Reykjanesfólkvangi þann 16. september 2018 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal viðeigandi leyfi meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, annar en leyfi þetta nær til, er bannaður.
- Öllum farartækjum skal lagt við í vegkanti.
- Tjöld skulu vera vera sett við vegkant til að forðast rask og álag á svæðið við uppsetningu þeirra.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Gæta skal ístrustu varkárni við frágang að verki loknu og til að raska ekki þeim litla gróðri sem er að finna á svæðinu skal notast við hrífur til að afmá för. **EKKI** skal slóðdrauga með sexhjóli.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að ef loka þarf veginum um svæðið gæti þurft leyfi lögreglunnar og/eða Vegagerðarinnar.

Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Kostnaður við vinnslu umsóknarinnar er kr. 72.000.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústs Þórssdóttir
Sviðsstjóri


René Biasone
Teymisstjóri

